

Þess skal getið, að af þeim 1500 kr., sem getur um undir 1. tölul., hafi 20. 87
f. m. verið ávísað 1000 kr. og upphæðin undir 4. tölul., 150 kr., hefir í dag verið ávísuð 3. ágúst.
hlutaðeiganda til útborgunar úr jarðabókarsjóði.

— Ágrip af brjefi yfirstjórnar póst- og telegraphmálanna til landshöfðingja um 88
póstflutning með norsku gufuskipi. — Í brjefi þessu skýrir yfirlýstingunin frá, að 27. ágúst.
ráðstöfun sje gjörð til þess, að póstur (brjef og krossbandssendingar) verði fluttur með
gufuskipinu «Vaagen» frá Stafangri, er gangi milli Noregs og Seyðisfjarðar og Eski-
fjarðar; verði pósturinn afhentur póstaðgreiðslumanninum á Seyðisfirði, er sjái um
frekari flutning hans.

— Brjef landshöfðingja til póstmeistara um útborgun á póstávisunarupphæð. — 89
Eftir að hafa meðtekið álit yðar, herra póstmeistari, í þóknanlegu brjefi frá 12. þ. m., 29. ágúst.
vil jeg hjer með samþykka, að þjer greiðið frá Ástríði Melsteð 20 shillings, sem er
upphæð póstávisunar, er henni var send frá Dr. C. F. Richardson í Ramsgate með
janúarferð póstgufuskipsins Phönix, en sem ekki hefir komið til skila, af því að skipið
fórst í þessari ferð. Samþykki mitt til þessarar útborgunar er bundið því skilyrði, að
frá Ástríður Melsteð gefi út tilhlýðilega kvittun fyrir upphæðinni og hún skuldbindi
sig til að endurborga hana póstsjóði, ef einhver annar skyldi geta sannað rjett sinn að
hinni glötuðu póstávisun, eða ef hin enska póststjórn eða aðrir hlutaðeigendur skyldu
ekki taka kvittunina gilda sem nægilegt, sönnunarskjal með tilliti til endurborgunar á
upphæðinni.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um 90
þingreið hjeraðslæknis. — Í brjefi frá 28. maí þ. á. hefir presturinn að Hjaltastað 1. sept.
sira Björn Þorláksson, farið þess á leit, að jeg sjái um, að læknið í 14. læknishjer-
aði, Þorvarður Kjerulf, er í vor var kosinn 1. þingmaður Norðurmúlasýslu, gefi frá sjer
þingmennskuna eða sjái svo um, að fullgildur læknir dvelji stöðugt í umdæmi hans,
meðan hann er fjarlægur sakir þingsetu.

Fyrir því vil jeg skora á yður, herra amtmaður, að tjá nefndum presti, að jeg
hafi ekki fundið nægilega ástæðu til að gjöra neina breytingu á því fyrirkomulagi á
þjónustu nefnds embættis í sumar, er tjedur læknir gerði í vor með samþykki amtsins,
en að því er snertir þær þingreiðir nefnds hjeraðslæknis, er síðar kynnu að koma
fyrir, vil jeg fela yður, herra amtmaður, að gjöra þær ráðstafanir um þjónustu nefnds
læknishjeraðs, sem þörf er á.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um 91
spítalagjald af sildartunnum og af landshlut af sild. — Í þóknanlegu brjefi frá 11. 1. sept.
f. m. hafið þjer, herra amtmaður, út af erindi frá sýslumanninum í Norðurmúlasýslu
lagt þær spurningar undir úrlausn mína, hvort greiða skuli spítalagjald af sildarafla
eptir tölu útfluttra sildartunna eða eptir máltunnum, og hvort greiða eigi þetta gjald
af þeirri sild, sem látin er af hendi í landshlut.